



## Fundargerð

### Stýrihópur um dagforeldrakerfi

Haldinn á skrifstofu Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðarbæjar  
Linnetsstíg 3,

#### Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir

Steinþóra formaður félags dagforeldra í Hafnarfirði

Eyrún Gísladóttir gjaldkeri félags dagforeldra í Hafnarfirði

Hrund Guðmundsdóttir daggæslufulltrúi

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrú leikskóla

Fanney Dórothe Halldórsdóttir sviðsstjóri Fræðslu og frístundasviðs Hafnarfjarðar

#### 1. Aðstaða - Afnot af húsnæði.

- Daggæslufulltrúi hafi milligöngu um að bóka fundarsal (Krosseyri) á skrifstofu Fræðslu- og frístundasviðs utan dagvinnutíma dagforeldra.
- Bjarkarheimilið stendur til boða á milli 10.00 – 14.00. Úrræðið hugsanlega ekki að nýttast miðað við þörf dagforeldra. Óskað er eftir úrræði þar sem hægt er að hafa börnin allan daginn. Dagforeldrar gætu þá sameinast um nýtinguna alla daga, allan daginn.

#### 2. Miðlægt skráningarkerfi

Rætt um miðlægt innritunarkerfi sem færi í gegnum Mínar síður hjá Hafnarfjarðarbæ. Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu skoði leiðir til að skráning hjá dagforeldrum geti farið í gegnum mínar síður. Dagforeldrar eru sjálfstæðir atvinnurekendur svo skoða þarf lög og reglur og möguleika á samstarfssamningi milli bæjarins og dagforeldra.

#### 3. Önnur mál

- Þróunarfulltrúi áréttar við leikskólastjóra að aðlögun að vori skapar rót hjá dagforeldrum. Miðað við aðlögun í febrúar og ágúst.

- Rætt um innritun í janúar. Betra að hafa innritunina í janúar í stað febrúar. Sviðsstjóri skoði þann möguleika. Þróunarfulltrúi ræði við leikskólastjóra.
- Tvö börn yngri en eins árs. Dagforeldrar sendi velferðarráðuneytinu ábeningu/ósk um að þessi regla verði endurskoðuð.
- Upplýsingabæklingur til foreldra. Mikilvægt að setja saman upplýsingar um dagforeldrakerfi bæjarins og þá þjónustu sem dagforeldrar veita í Hafnarfirði. Nauðsynlegt að koma upplýsingum aftur á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Daggæslufulltrúi tekur saman.
- Áheyrnarfulltrúa dagforeldra í fræðsluráði, ósk frá dagforeldrum. Möguleiki er að kalla fulltrúa þeirra inn þegar málefni þeirra er á dagskrá. Hugmynd um samráðsfundi með fulltrúum fræðsluráðs einu sinni á önn. Mikilvægt að upplýsindaflæði sé til dagforeldra.
- Er hægt að hafa val um dagforeldri eða leikskóla upp að t.d 18 mánaða án þess missa niðurgreiðsluna.